Klínískar leiðbeiningar

Vinnuhópar á vegum landlæknisembættisins

Eins og fram kom í síðasta Læknablaði hefur landlæknisembættið virkjað fjölda lækna til þess að setja saman klínískar leiðbeiningar um viðbrögð við og meðhöndlun ýmissa sjúkdóma. Hér fer á eftir listi yfir starfshópana sem skipaðir hafa verið. Þeir sem áhuga hafa á að fylgjast með starfi hópanna geta snúið sér til embættisins með því að fara inn á heimasíðu þess en slóðin þangað er: *http://www.landlaeknir.is*

Stýrihópur

Ari Jóhannesson, Haukur Valdimarsson, Inga Arnardóttir, Magnús Jóhannesson, Óttar Bergmann, Runólfur Pálsson, Sigurður Guðmundsson, Sigurður Ólafsson, Sveinn Magnússon

Vinnuhópar

Skimun fyrir ristilkrabbameini
Ásgeir Theodórs, Sigurður Ólafsson, Jón St. Jónsson, Friðbjörn Sigurðsson, Nick Cariglia, Tryggvi R. Stefánsson

Steraorsökuð beinþynning
Björn Guðbrandsson, Friðrið Vagn Guðjónsson, Ingvar Teitsson

Buprenorphine
Guðbjörn Björnsson, Matthías Halldórsson, Erla Axelsdóttir, Þórarinn Tyrfingsson, Þórður G. Ólafsson

Offita
Þorkell Guðbrandsson, Ludvig Guðmundsson, Gunnar Valtýsson

Myndgreining
Ásmundur Brekkan, Haukur Valdimarsson, Eyþór Björgvinsson, Halldór Benediktsson, Ólafur Kjartansson

Háþrýstingur – forvarnir hjarta- og æðasjúkdóma
Jón Högnason, Ragnar Danielsen, Þorkell Guðbrandsson, Emil L. Sigurðsson, Gunnar Sigurðsson, Jóhann Ágúst Sigurðsson, Guðmundur Þorgeirsson, Sigurður Helgason

Ætisár í maga – Upprætingarmeðferð – Vélindisbakflæði GERD
Ásgeir Böðvarsson, Sigurbjörn Birgisson, Björn Blöndal, Marta Lárusdóttir

Punglyndi
Kristinn Tómasson, Þórður Sigmundsson, Jens Magnússon, Þórarinn Hrafn Harðarson, Jón Eyjólfur Jónsson

Neyðargetnaðarvörn
Ósk Ingvarsdóttir, Reynir T. Geirsson, Hjördís Harðardóttir, Anna B. Aradóttir, Sóley S. Bender, Sigurður Helgason, Steingerður Sigurbjörnsdóttir


Barnalækningar
Astmi
Sigurður Kristjánsson

Eyrnabólga
Þórólfur Guðnason, Friðrik Guðbrandsson, Vilhjálmur A. Arason

Kinnholubólga
Þórólfur Guðnason, Friðrik Guðbrandsson, Vilhjálmur A. Arason

Bráður niðurgangur
Lúther Sigurðsson

Hitalækkandi meðferð
Pétur Lúðvíksson



Eitt spjaldanna af sýningunni sem nú hangir uppi í anddyri K-byggingar Landspítala Hringbraut.

Sjúkraflug með miðstöð á Akureyri boðið út

■ HÉR Í BLAÐINU VAR Í FYRRA fjallað um þá hugmynd að staðsetja sjúkraflugvél á Akureyri sem gæti þjónað landsbyggðinni. Nú hefur heilbrigðismálaráðherra ákveðið að bjóða út sjúkraflug í landinu og er það gert í samvinnu við Samgöngumálaráðuneytið. Jafnframt því hefur ráðherra ákveðið að miðstöð sjúkraflugsins verði á Akureyri og styðst sú ákvörðun við úttekt sem ráðuneytið lét gera á sjúkraflugi í landinu.

Sýning á læknislist fornmanna

■ Í ANDDYRI K-BYGGINGAR Landspítala Hringbraut hefur verið komið fyrir sýningu sem nefnist **Sjúkdómar og lækningar að fornu**. Þar er fjallað um lækningar til forna, hverjir stunduðu þær og átrúnað af ýmsu tagi sem tengdist þeim. Einnig er fjallað um lagaákvæði sem tengjast heilbrigðismálum.

Sýningin er þannig uppbyggð að spjöld hafa verið hengd á veggi anddyrisins þar sem á eru textar úr bók Sigurðar Samúelssonar læknis, *Sjúkdómar og dánarmein íslenskra fornmanna*. Á hverju veggspjaldi er svo teiknuð mynd eða myndir sem Halla Bjartmars Arnardóttir myndlistarkona hefur gert. Auk þessa eru sýnd gömul lækningaáhöld, svo sem blóðtökuhnífar og brennslujárn og munir úr kumlum sem varðveittir eru á Þjóðminjasafni Íslands.

Að þessari sýningu standa Landspítali háskólasjúkrahús, Nesstofusafn og Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000. Verður hún opin í K-byggingunni til 30. júní en eftir það er fyrirhugað að setja hana upp á sjúkrahúsum og byggðasöfnum víða um land.

Í tengslum við sýninguna hélt Hafsteinn Sæmundsson læknir erindi um Hrafn Sveinbjarnarson lækni og héraðshöfðingja. Hrafn var uppi á 12. og 13. öld og bjó að Eyri í Arnarfirði. Hann er talinn fyrsti menntaði læknir á Íslandi og fara af læknisverkum hans miklar sögur.